



## Fundargerð

271. fundur barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

22. júní 2020, kl. 07:30

Viðstaddir: Halldór Rósmundur Guðjónsson, Þuríður Berglind Ægisdóttir, Díana Hilmarsdóttir, Sigurrós Antonsdóttir, Davíð Brár Unnarsson, María Gunnarsdóttir forstöðumaður, Elín Guðmundsdóttir sálfræðingur og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. 3 trúnaðarmál á dagskrá.

### 2. Starfsumhverfi á velferðarsviði - niðurstöður og tillögur (2020021011)

Kristinn Óskarsson, mannauðsstjóri, mætti á fundinn og kynnti niðurstöður úr úttekt á starfsumhverfi á velferðarsviði sem unnin var af Líf og sál, sálfræði- og ráðgjafastofu, ásamt tillögum sem miða að því að bæta starfsumhverfið.

### 3. Álagsmæling (2020010299)

María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar, fór yfir niðurstöður álagsmælingar starfsmanna barnaverndar Reykjanesbæjar sem gerð var í júní 2020.

Starfsmenn mældust töluvert yfir þeim viðmiðunarmörkum sem Barnaverndarstofa gefur út.

### 4. Framkvæmdaáætlun barnaverndar (2019050953)

María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar, lagði fram framkvæmdaáætlun barnaverndar 2018 – 2022.

Barnaverndarnefnd samþykkir framkvæmdaáætlunina.

### 5. Mælaborð barnaverndar og tölulegar upplýsingar (2020040310)

María Gunnarsdóttir forstöðumaður barnaverndar lagði fram mælaborð og tölulegar upplýsingar.

### Barnaverndartilkynningar til barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar

Í maí 2020 bárust 63 tilkynningar vegna 60 barna og fjöldi nýrra mála í könnun voru 25 mál en á sama tíma árið 2019 voru tilkynningarnar 56 vegna 52 barna og fjöldi nýrra mála í könnun voru 23.

Í maí 2020 bárust flestar tilkynningar frá lögreglu, grunnskólum og heilbrigðisstofnunum.

Á árinu 2020 hefur orðið aukning á barnaverndartilkynningum um heimilisofbeldi, frá janúar til maí bárust 45 tilkynningar en á sama tíma 2019 voru þær 19. Á sama tíma hefur orðið fækkun á tilkynningum um líkamlegt ofbeldi á börnum úr 29 tilkynningum í 16.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HdG", "DN", and "SA".



---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:25.

Hallgrímur Pálsson  
Sigríós Antonsdóttir  
Diana Filmand  
Guðlaugur Guðmundsson  
David Björn Urnesen